

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um skilgreiningar á hugtökum.

Frá Smára McCarthy.

1. Hvernig eru eftirfarandi hugtök sem koma fyrir í 154. gr. almennra hegningarlaga skilgreind í samhengi þess ákvæðis í lögum:
  - a. handhafabréf,
  - b. erlendur peningaseðill,
  - c. gjaldmiðill,
  - d. að búa til,
  - e. að flytja inn,
  - f. að láta úti?
2. Gætu eftirfarandi fallið undir 154. gr. almennra hegningarlaga í einhverjum skilningi:
  - a. spilapeningar úr Monopoly-spilinu,
  - b. mjólkurmiðar gefnir út af skóla,
  - c. ávísun á erlenda bankainnstæðu,
  - d. útprentun á tölvupósti með loforði um greiðslu í framtíðinni,
  - e. flugpunktur hjá flugfélagi sem heimilur millifærslur milli viðskiptavina,
  - f. inneignarnóta frá verslun sem er stíluð á handhafa?

Skriflegt svar óskast.